AUGLÝSING

um deiliskipulag fyrir íbúðarhús og frístundahús í landi Tungulækjar, Borgarbyggð.

Bæjarstjórn hefur samþykkt ofangreint skipulag.

Deiliskipulagið hefur fengið meðhöndlun samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt ofangreindum lögum. Skipulagsstofnun hefur gert athhugasemd um að auglýsing hafi ekki verið auglýst með áberandi hætti.

Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 26. júní 2003.

Bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar,

Sigurður Páll Harðarson.

25. júní 2003 Nr. 510

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 668/2002, um togbrautarbúnað til fólksflutninga.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. reglugerðarinnar:

a. Í stað „2. mgr.“ í 2. mgr. kemur: 1. mgr. þessa ákvæðis eða 17. gr.
b. 3. mgr. verður svohljóðandi: Félagsmálaráðuneytið skal tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA um aðgerðir sem grípa þarf til skv. 1. mgr. þessa ákvæðis eða 17. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 3. mgr. 3. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 25. júní 2003.

F. h. r.

Sesselja Árnadóttir.

Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.